Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu* **um reglugjörð fyrir varðhaldsklefa á Skipaskaga.** — Í þóknanlegu brjefi, dags. 11. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá því, að með 250 kr. tilkostnaði úr jafnaðarsjóði suðuramtsins og 50 kr. úr sveitarsjóði Akraneshrepps sje búið að koma upp varðhaldsklefa á Skipaskaga, þarsem láta megi inn til gæzlu menn, er brjóta á móti góðri reglu með drykkjuslarki, hávaða eða á annan hátt, og jafnframt hafið þjer sent hingað frumvarp, er sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hefur samið til reglugjörðar fyrir hreppstjórann í Akraneshreppi um notkun varðhaldsklefans og um lögregluvald það, er nefndum hreppstjóra skuli á hendur falið í þessu skyni, og hafið þjer lagt það til, að jeg staðfesti frumvarp þetta sem reglugjörð. 129 15. nóv.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að jeg fellst hjermeð á, að nefndur sýslumaður, með skýrskotun til þessa brjefs míns, útgefi reglugjörð, er samhljóða sje frumvarpi því, er hann hefur hingað sent, um notkun ofannefnds varðhaldsklefa og lögregluvald það, er hreppstjóranum í Akraneshreppi sje á hendur falið þaðlútandi*.

---

*) Frumvarpið var svo hljóðandi:

1. gr. Varðhaldsklefi sá, sem byggður er á Akranesi, á að standa undir stjórn og umsjón hreppstjórans í Akraneshreppi og yfirumsjón hlutaðeigandi sýslumanns. — 2. gr. Þegar maður, sem er drukkinn, hefur hávaða á almannafæri, svosem með hrópi, köllum eða á annan hátt, eða sýnir af sjer óskunda, t. d. högg eða barsmíð, eða hindrar aðra menn í störfum sínum, svosem kaupmenn við verzlun, fiskimenn við útveg sinn o. s. frv., skal hreppstjórinn, ef hlutaðeigandi ekki strax gegnir munnlegri áminningu hans, handsama hann og setja í varðhald, og láta hann sitja þar, þangaðtil hann er orðinn með rjettu ráði. — 3. gr. Ef drukkinn maður veður inn í hús annara manna og vill eigi fara þaðan burtu þegar á hann er skorað, má hreppstjórinn setja hann í varðhald einsog segir í 2. gr. — 4. gr. Þegar einhver er settur í varðhald, skal hreppstjórinn jafnan hafa 2 votta við og láta þá í viðurvist sinni rannsaka, hvort hlutaðeigandi hafi á sjer nokkurn voða, er hann geti skaðað sig eða varðhaldið með, svosem hnífa, skotfæri eða annað, er háski geti verið búinn af, og sje svo, skal hreppstjóri taka alla slíka hluti í gæzlu á meðan hlutaðeigandi er í varðhaldi, og síðan fá honum þá aptur, þegar honum er sleppt. — 5. gr. Hafi sá, sem settur er í varðhald, peninga á sjer, skal hreppstjóri telja þá í viðurvist vottanna og taka til geymslu á meðan á varðhaldinu stendur; peningana ber síðan að afhenda þeim, sem settur hefur verið í varðhald, gegn kvittun, þegar honum er sleppt. — 6. gr. Hreppstjórinn skal hafa bók, er sýslumaður hefur gegnumdregið og löggilt. Í hvert skipti sem einhver er settur í varðhald, skal hreppstjórinn rita í bók þessa stutta skýrslu, er hafi inni að halda nafn, stjett og heimili þess, er settur hefur verið í varðhald, og orsökina til þess, að það hefur verið gjört, svo og ár, dag og stund, þegar hlutaðeigandi hefur verið settur í varðhaldið. Sömuleiðis skal ætíð geta þess í bókinni, að hreppstjóri hafi með vottum rannsakað hvort hlutaðeigandi hafi haft á sjer nokkurn hlut, hníf eða annað, er voði geti verið að, og skulu þeir hlutir taldir upp og getið um, að hreppstjóri hafi tekið þá til geymslu meðan á varðhaldinu hafi staðið. Einnig skal rita í bókina tölu á peningum þeim, er hlutaðeigandi kann að hafa á sjer og hreppstjóri samkvæmt 5. gr. tekur til geymslu meðan á varðhaldinu stendur. Loks skal hreppstjóri rita í bókina ár, dag og stund, þegar hlutaðeiganda er sleppt úr varðhaldi, og skal hann þá um leið láta hann kvitta fyrir peningum þeim eða öðrum munum, er hreppstjórinn hefur geymt meðan á varðhaldinu stóð. — 7. gr. Sje afbrot gegn sakalögunum framið, svo að fyrir þá sök kunni að vera nauðsynlegt að taka einhvern fastan, ber hreppstjóra að fylgja þeim reglum um það efni, sem settar eru í 9. og 11. gr. hreppstjórareglugjörðarinnar 29. apríl 1880, en sje einhver tekinn fastur af slíkum ástæðum, þá ber tafarlaust að skýra sýslumanni frá því. — 8. gr. Hreppstjórinn skal jafnan gæta þess, að setja engan í varðhald nema gildar ástæður sjeu til þess; að því er sjerstaklega snertir drykkjuskap, skal það tekið fram, að engan má setja í varðhald a ð e i n s fyrir þá sök að hann kann að vera drukkinn, ef hann eigi sýnir neinn óskunda í orðum eða athöfnum að öðru leyti. — 9. gr. Hreppsnefndin í Akraneshreppi skal eptir nákvæmari fyrirsögn hreppstjórans sjá um, að varðhaldsklefanum sje haldið hreinum og í tilhlýðilegu standi.